

STARFSÁBYRGÐARTRYGGING BYGGINGARSTJÓRA

SJÓVÁ

Skilmálar nr. 105

Starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra er lögboðin váttrygging sem byggir á lögum um mannvirki nr. 160/2010, byggingarreglugerð nr. 112/2012 og reglugerð nr. 271/2014 um starfsábyrgðartryggingar hönnuða og byggingarstjóra. Um trygginguna gilda þessir skilmálar auk almennra skilmála félagsins nr. 001.

Váttryggður er sá byggingarstjóri sem skráður er á váttryggingarskírteini og stýrir framkvæmdum á því mannvirki sem þar er tilgreint.

1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir á Íslandi.

2. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir bætur vegna skaðabótaskyldu er fellur á váttryggðan byggingarstjóra þegar eigandi mannvirkis eða annar þriðji maður verður fyrir almennu fjártjóni sem rakið verður til gáleysis byggingarstjóra í starfi sínu sbr. 29. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, enda hafi váttryggður með undirritun sinni staðfest ábyrgð sína á hlutaðeigandi mannvirki fyrir byggingarfulltrúa.

3. gr. Undanþágur

Váttryggingin tekur ekki til:

- Ábyrgðar sem váttryggður tekur á sig og er víðtækari en lögmælt bótaskylda hans sem byggingarstjóra.
- Líkamstjóns eða skemmda á munum.
- Starfsemi váttryggðs utan Íslands eða bótaábyrgðar sem er ríkari en eftir íslenskum reglum um skaðabótgrundvöll eða ákvörðun bótafjárhæðar.

4. gr. Tímatakörk

Váttryggingin tekur til ábyrgðar vegna atvika sem eiga sér stað á váttryggingartímanum og tjón hefur hlotist af. Komi afleiðingar atviks, sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á váttryggingartímanum, ekki í ljós fyrr en váttryggingin er fallin úr gildi, greiðir félagið samt sem áður bætur, þó með þeim takmörkunum að bætur greiðast ekki, ef afleiðingar koma í ljós 5 árum eftir lok framkvæmda á mannvirki því, sem váttryggði annaðist byggingarstjórn á og ábyrgð hans tekur til, sbr. 8. mgr. 29. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Félagið greiðir ekki bætur fyrir tjón vegna atvika, sem verða áður en váttryggingartíminn hefst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á váttryggingartímanum.

5. gr. Sérregla um váttryggingarfjárhæð

Ábyrgð félagsins takmarkast við þá váttryggingarfjárhæð sem tilgreind er á váttryggingarskírteini vegna gáleysis váttryggðs við störf sem byggingarstjóri vegna einnar tiltekinnar byggingarleyfisskyldrar framkvæmdar. Taki váttryggingin til fleiri en einnar byggingarleyfisskyldrar framkvæmdar hjá váttryggingartaka takmarkast heildargreiðslur félagsins vegna allra tjónsatvika á einu váttryggingarári (12 mánaða tímabili) við þá váttryggingarfjárhæð sem fram kemur á váttryggingarskírteini.

6. gr. Sérregla um uppsögn

Falli váttrygging niður án þess að önnur fullnægjandi váttrygging hafi verið tekin ber félaginu að tilkynna það til Mannvirkjastofnunar. Enda þótt váttryggingin sé úr gildi fallin, ber félagið ábyrgð gagnvart tjónþola (þriðja manni) á tjóni, er rekja má til tjónsatvika sem verða þar til 6 vikur eru liðnar frá því að félagið tilkynnti váttryggingartaka og Mannvirkjastofnun að váttryggingin væri fallin úr gildi, nema önnur fullnægjandi váttrygging hafi verið tekin.

Skilmálar þessir gilda frá 2. október 2019.